

Svör hafa nú borist frá öllum stjórnmalaflokkum, að einum undanskildum, við spurningu Samtaka áhugafólks um spilafíkn hvort loka eigi spilakössum í samræmi við kröfur samtakanna og vilja meirihluta þjóðarinnar.

Skýra afstöðu til spurninga SÁS taka Flokkur fólksins, Miðflokkurninn, Frjálslyndi flokkurinn, Samfylkingin og Sósíalístaflokkurinn. Öll þessi framboð svara því afdráttarlaust að loka eigi spilakössum í samræmi við kröfur Samtaka áhugafólks um spilafíkn og í samræmi við þjóðarviljann.

Aðrir flokkar telja spilavandann alvarlegt mein og nefna ýmis atriði sem þurfi að gaumgæfa en leggjast gegn banni eða svara spurnigunni ekki beint.

Ekki bárust svör frá Viðreisn.

Eftirfarandi er spurning Samtaka áhugafólks um spilafíkn og svör framboðanna:

Hvernig hyggst ykkar framboð bregðast við þessari kröfu meirihluta þjóðarinnar ákomandi kjörtímabili?

Sjá má svör flokkana hér að neðan;

Flokkur fólksins

“Ég gæti skrifað eitt og annað um málið en ég held að það sé auðveldara að benda ykkur bara á þetta frumvarp um bann við spilakössum og fleiru sem að Flokkur fólksins lagði fram: <https://www.althingi.is/altext/151/s/1086.html>

Eftir fyrstu umræðu á alþingi var málið svæft í nefnd.” *Baldvin Örn Ólason*

Sósíalístaflokkurinn

„Stefna Sósíalístaflokks Íslands er að hlusta á vilja þjóðarinnar. Meirihluti þjóðarinnar vill að spilakössum verði lokað til frambúðar samkvæmt viðhorfskönnun og það er okkar sem stjórnmalafólks að hlusta á þann vilja og tryggja lokun spilakassa. Samfélög eiga ekki að bera fjárhagslegan hag af því sem veldur svo miklum félagslegum og fjárhagslegum skaða fyrir fólk og fjölskyldur líkt og raun ber vitni með frásögnum þeirra sem SÁS (Samtök áhugafólks um spilafíkn hafa staðið fyrir). Þar að auki má nefna mikilvægi þess að sameiginlegir sjóðir okkar standi undir rekstri Háskóla Íslands, Slysavarnarfélagsins Landsbjargar og Rauða Krossins. Efla þarf tekjur til þeirra en ekki með þessum hætti sem nú er gert, þar hafa sósíalistar talað fyrir breyttu skattkerfi þar sem fjármagnstekjur verði m.a. skattlagðar eins og launatekjur en sú er ekki raunin í dag.“ *Sanna Magdalena Mörtudóttir*

Samfylkingin

“Samfylkingin mun sannarlega styðja þessa kröfu meirihluta þjóðarinnar á komandi kjörtímabili í þeim efnum. Um er að ræða mikilvægt lýðheilsuál, sem þarf að taka á með markvissum hætti. Reynslan í Covid-19 hefur sýnt að það að loka spilakössum hefur takmarkað áhrif á flesta, en hefur mjög mikil jákvæð áhrif á þá sem eru illa haldnir spilafíkn.

Þrátt fyrir það, þá þarf að hugsa vandamálið á stærri mælikvarða heldur en einungis spilakassar á börum, sjoppum, eða annarsstaðar. Spílavíti, spilakassar og ígildi þeirra eru víða, meðal annars dulin í mikið af leikjum sem er hægt að spila á snjallsíma og á internetinu. Þar þarf að taka markvissa og heilðræna afstöðu með notendavernd að huga, ekki síst þegar um er að ræða leiki sem eru markaðssett gagnvart börnum, til þess að ekki sé verið að ýta undir og styðja við spilafíkn í gegnum ýmis snjalltæki og internetið. Samfylkingin styður skaðaminnkandi ráðstafanir gegn spilafíkn, sem felur ekki síst aðgerðir eins og SÁS er að leggja til og meirihluti þjóðarinnar styður skv. þeim könnunum sem gerðar hafa verið. Að minnka aðgengi að spilakössum getur verið gott fyrsta skref, en það má ekki verða til þess að vandinn verði dulinn og fari á aðra eins og t.d. í símaleikjum sem geta verið allt eins ávanabindandi og haft fjárhagslegar neikvæðar afleiðingar fyrir fólk sömuleiðis. En þar sem vandamálið er stærra, þá þarf víðtakækara samstarf, meðal annars innan Evrópska Efnahagssvæðisins í málefnum tarænnar spilafíknar, til þess að takast á við vandann á heilðrænan hátt, með neytendavernd sem og manngildi og mannréttindi í huga.“ Sólveig Skaftadóttir

„Reynslusögur spilafíkla og aðstandenda úr þessum mannskemmandi veruleika eru átakanlegar. Um er að ræða fólk sem tapar öllu, spilar jafnvel frá sér allan lífeyrinn fyrir hádegi. Meðan á lokunum stóð sáum við batamerki hjá þessum hópi þar sem fólk fór aftur að verða virkari þátttakendur í eigin lífi,“ sagði Sara Elísa í þingræðu skömmu eftir að spilasalir höfðu opnað aftur covid-lokanir. Sara fór samhliða þessu í ótal viðtöl á fjölmörgum miðlum þar sem hún ræddi mikilvægi þess að loka spilkössum fyrir fullt og allt.

Þá hefur Lenya Rúna Taha Karim, frambjóðandi Pírata í Reykjavíkurborgardæmi norður, látið að sér kveða um þessi mál á öðrum vettvangi. Hún barðist fyrir því innan Stúdentaráðs Háskóla Íslands að skólinn myndi hætta að fjarmagna rekstur sinn að hluta með spilakössum.

„Beiðni okkar er einfaldlega sú að Háskóli Íslands taki ekki þátt í rekstri spilakassa og fjármagni ekki byggingar sínar með þessum hætti,“ sagði m.a. í tillögu sem Lenya bar upp til samþykktar á fundi Stúdentaráðs.” *Stefán Óli Jónsson*

Miðflokkurinn:

“Afstaða til reksturs spilakassa er þessi. Miðflokkurinn hefur í þingræðum og í blaðagreinum bent á hve spilafíkn sé alvarlegur sjúkdómur. Þar gildir að aðgengi eykur fíkn og þar með líkur á að fólk ánetjist spilafíkn. Það er ljóst að tekjur af fjárhættuspilum er stór líður í tekjuöflun ýmissa félaga. Það er skoðun Miðflokksins að þrátt fyrir að líknarfélög afli sér tekna sé heildarávinningur neikvæður. Miðflokkurinn leggst því gegn slíkri starfsemi enda ættu líknarfélög að leita annarra leiða til tekjuöflunar. Ef þurfa þykir er hægt að koma til móts við félög á annan hátt enda allar líkur á því að starfsemi þeirra sé þegar á botninn er hvolfi þjóðhagslega hagkvæm” *Jón Pétursson*

Frjálslyndi flokkurinn:

“Við erum alfarið á móti svoleiðis rekstri.” *Guðmundur Franklín*

Píratar

Heiðarlegasta svarið við spurningunni er að Píratar eru ekki með samþykktu stefnu um spilakassa - en það hefur ekki stöðvað fulltrúa Pírata við að beita sér í þessum málum, innan sem utan Alþingis.

Sara Elísa Þórðardóttir, varaþingmaður Pírata, var þannig að öðrum ólöstuðum helsti forsprakkinn í umfjöllun þingsins um spilakassa í upphafi árs. Þannig fór hún fram á að velferðarnefnd Alþingis fundaði um spilafíkn og spilakassa og fór fram á afstöðu heilbrigðisráðherra um málefnið.

Reynslusögur spilafíkla og aðstandenda úr þessum mannskemmandi veruleika eru átakanlegar. Um er að ræða fólk sem tapar öllu, spilar jafnvel frá sér allan lífeyrinn fyrir hádegi. Meðan á lokunum stóð sáum við batamerki hjá þessum hópi þar sem fólk fór aftur að verða virkari þátttakendur í eigin lífi,“ sagði Sara Elísa í þingræðu skömmu eftir að spilasalir höfðu opnað aftur covid-lokanir. Sara fór samhliða þessu í ótal viðtöl á fjölmörgum miðlum þar sem hún ræddi mikilvægi þess að loka spilkössum fyrir fullt og allt.

Þá hefur Lenya Rún Taha Karim, frambjóðandi Pírata í Reykjavíkurborg norður, látið að sér kveða um þessi mál á öðrum vettvangi. Hún barðist fyrir því innan Stúdentaráðs Háskóla Íslands að skólinn myndi hætta að fjármagna rekstur sinn að hluta með spilakössum.

„Beiðni okkar er einfaldlega sú að Háskóli Íslands taki ekki þátt í rekstri spilakassa og fjármagni ekki byggingar sínar með þessum hætti,“ sagði m.a. í tillögu sem Lenya bar upp til samþykktar á fundi Stúdentaráðs. *Stefán Óli Jónsson*

Vinstri grænir

“VG telur að mikilvægt sé að bjóða þeim sem eiga við fíknivanda að stríða upp á nauðsynlega heilbrigðisþjónustu til að takast á við fíknivanda sinn. Í því samhengi er mikilvægt að halda áfram að byggja upp geðheilbrigðisþjónustu um land allt og tryggja þarf fíklum viðunandi meðferðarúræði með samvinnu dóms-, félags- og heilbrigðiskerfis. Þar með taldir eru spilafíklar. Mikilvægt er að skoða spilafíkn með heildstæðum hætti sem fyrst, hvernig fyrirbyggja mætti spilafíkn og tryggja viðunandi meðferð við henni, þá m.a. m.t.t. spilakassa og fjárhættuspila á netinu. Þar þyrfti jafnframt að skoða fjármögnun þeirrar þjónustu sem í dag fær framlög með rekstri spilakassa. VG hefur ekki tekið formlega afstöðu um hvort loka eigi spilakössum til frambúðar.” *Hulda Hólmkelsdóttir*

Sjálfstæðisflokkurinn

“Löggjafinn,Alþingi, hefur vikið til hliðar almennu banni gegn fjárhættuspili og veðmálum, sem finna má í 183. og 184. gr. almennra hegningarlaga, og sett sérstök lög til að heimila ákveðnum aðilum að stunda happdrætti og fjárhættuspil. Hagnaður af þeirri starfsemi rennur þá til ákveðinna góðgerða- eða þjóðþrifamála. Verði spilakassar bannaðir verður nauðsynlegt að finna leið til að bæta rekstraraðilum fjártjónið.

Þörfinni fyrir áhættuspil – sem telja verður líklegt að verði alltaf til staðar – er mætt með því að færa hana í löglegan farveg eftir því sem unnt er; fela hana ábyrgum aðilum og nýta afraksturinn til að efla Háskóla Íslands, DAS, SÍBS, slysavarnasamtök, íþróttafélög og Rauða krossinn svo nokkuð sé nefnt.

Ólögleg starfsemi á þessu sviði er líkast til minni en ella væri ef ekki væri boðið upp á þessa starfsemi með þeim hætti sem gert er í dag á grundvelli laga og eftirlits. Þessi stefna hefur verið ríkjandi áratugum saman og það er ekki einföld aðgerð ef breyta á frá þessu fyrirkomulagi. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á betri forvarnir og til greina kemur að löggjafinn setji reglur um forvarnarstarf og ábyrgan rekstur fyrirtækjanna í þessari atvinnugrein. Fyrirtækjunum hefur verið sköpuð þessi aðstaða og þau ættu að hafa samstarf við þá sem eru að benda á þetta alvarlega vandamál, spilafíkn, og koma upp fyrirkomulagi þar sem tekið er á þeim vanda sem þarna er til staðar. Bann mun naumast leysa þann vanda sem spilafíknin er og hættan er sú að þessi starfsemi sækir þá undir yfirborðið í ólöglega starfsemi eða færast einfaldlega yfir á internetið þar sem auðvelt er að finna síður sem bjóða upp á fjárhættuspil og veðmál af margvíslegu tagi.” *Lísbet Sigurðardóttir*

Framsóknarflokkurinn

“Við í Framsókn höfum ekki mótað okkur opinbera afstöðu til þess að banna rekstur spilakassa.” *Einar Gunnar Einarsson*